



Kennsluáætlun – vor 2022

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Kennari: Erla Eypórsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar á viku

Námsgögn: Námsefni af veraldarvefnum og annað efni frá kennara.

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalskrár:

Nemendur fá leiðsögn, hvatningu og endurgjöf á vinnu sína á meðan henni stendur.

Námsmati er skilað við annarlok

Lýsing:

Í 7. bekk fá nemendur eitt heildstætt verkefni til að vinna að yfir önnina.

Nemendur skapa eigin fígúru, flík eða nytjahlut og nota til þess þær aðferðir sem þau hafa lært á skólagöngu sinni og fá tækifæri til að læra nýjar aðferðir til að bæta við kunnáttu sína.

Verkefnið felst í því að útfæra eigin hugmynd frá grunni og nýta til þess mismunandi tækni og aðferðir.

Ferlið skrá nemendur jafnóðum niður í vinnubók, skissa hugmyndir sínar og gera efnisprufur og geta því leyft hugmyndinni að þróast áfram.

Stykkið þarf að vera samsett með nokkrum aðferðum, svo sem vélsaumi, handsaumi, útsaumi, vefnaði, prjóni, hekli, þæfingu og litun. Nemendur þurfa að huga vel að efnisvali, samsetningu og nýtingu þess sem til er.

Kennsluáætlun: *

Vikan	Viðfangsefni	Mat	Annað
17.1-21.1	Kynning á þemaverkefni		
24.1-28.1	Hugmyndavinna		
31.1-4.2	Rannsóknarvinna		Starfsd./foreldraf. fim/fös
7.2-11.2	Undirbúningur		
14.2-18.2	Verkefnavinna		
21.2-25.2	Frh		Vetrarfr. mán/þri
28.2-4.3	Frh		Bollu-, Sprengi-, Öskud
7.3-11.3	Frh - stöðumat		
14.3-18.3	frh		
21.3-25.3	Frh		
28.3-1.4	Páskaverkefni		
4.4-8.4	Frh		
11.4-15.4	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ
19.4-22.4	Verkefnavinna frh		Sumardagurinn fyrsti
25.4-29.4	Frh		
2.5-6.5	Frh - stöðumat		
9.5-13.5	Frh		
16.5-20.5	Frh		
23.5-27.5	Frh		Íþrótt- og útivistad.
30.5-3.6	Frágangur og frjáls tími		
7.6-10.6	Frjáls tími		Skólaslit

***Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar**

Skólanámskrá

Textílmennt– Skólanámskrá 7. bekk		
Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Handverk, aðferðir og tækni	• Getur beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. • Kann góð skil á grunnþáttum í prjóni. • Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu. • Getur unnið með einföld snið og uppskriftir. • Áttar sig á grunnþáttum í hekli.	Sýnikennsla. Leiðsögn, hvatning og endurgjöf.
Sköpun, hönnun og útfærsla	• Getur þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli. • Getur notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla. • Getur útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum. • Getur nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.	Fræðsla. Leiðsögn, hvatning og endurgjöf.
Menning og umhverfi	• Getur gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna. • Getur gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum. • Getur sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir.	Fræðsla.
Námsefni	Námsefni af veraldarvefnum og annað efni frá kennara.	
Lykilhæfni	Sýnir kurteisi og tillitsemi. Sýnir frumkvæði og áhuga. Sýnir vönduð vinnubrögð.	

	Gengur vel um.
--	----------------